



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FILIPPSEYJA VEGNA NÁTTÚRUHAMFARA**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í dag samúðarkveðjur til Benigno S. Aquino, forseta Filippseyja, vegna fellibyls og flóða á sunnanverðum eyjunum sem kostað hafa hundruð mannlífa.

Í kveðjunni sagði forseti að Íslendingar fyndu sárt til með íbúum Filippseyja og væri hugur okkar hjá þeim sem misst hefðu ástvini sem og hjá björgunarsveitarmönnum. Á Íslandi eigi margir vini og ættingja á Filippseyjum og þau tengsl efli samúð okkar enn frekar.

*19. desember 2011*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),  
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson  
skrifstofustjóri.*